

## 24. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss

5. desember 2024 – kl. 8:15 í Ráðhúsi Hornafjarðar

Mætt: Björgvin Óskar Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson, Eyrún Friða Árnadóttir, Sigurjón Andrésson, Magnús Rannver Rafnsson, Bartek Andresson Kass og Þórey Edda Elísdóttir.

Gestur: Ragnar Ómarsson frá Verkís

Fundargerð ritaði: Þórgunnur Torfadóttir

### Dagskrá.

1. **Kostnaðaráætlun** - Ragnar fór nánar yfir kostnaðaráætlunina. Hans áætlun gengur út á að húsið sé fullklárað út frá skilgreiningu og þar skorti ekki neitt. Með þessu er auðveldara að týna út hluti frekar en bæta inn. Þetta á sérstaklega við um rými sem eru vel skilgreind og vitað hvað á að fara fram þar. Í salnum er t.d. gert ráð fyrir rafdrifnum skiptitjöldum, körfuboltaspjöldum, mörkum, skortöflu, handboltadúk, hlífðargólfi og fleiru. Hljóðplötuklæðning á veggjum og virki sem er hugsað þannig að það þurfi lítið viðhald. Módelið sem hann notar er einingaverðsmódel sem hefur orðið til á síðustu 5-6 árum ásamt rauntölum úr verksamningum. Hann leggur áherslu á að útboðsleið hafi áhrif á lokaniðurstöðu. Í alútboði er verktaki með allt verkið einnig hönnun og þá getur verktaki hafið innkaup á hönnunartíma og tímalínan því verið heldur styttri. Í hefðbundnu útboði er húsið fullhannað og svo hefst framkvæmd. Þá getur verkkaupi haft heldur meiri stjórn á hlutunum.

Spurt var um mismunandi kostnað á innilaug eftir tillögum. Innisundlaug í tillögu C er í millibyggingu og samnýtir þá virki sem fyrir er - í hinum tillögunum er hún sér og verður þá heldur dýrari. Lagnir í innisundlaug eru u.þ.b. 30 % af kostnaðaráætlun og í tillögu Ragnars er reiknað með fullum lagnakostnaði en Ragnar veit ekki hversu mikið er hægt að nota af þeim búnaði sem fyrir er. Hugsanlega er hægt að nota búnaðinn sem fyrir er.

Hitalagnir á velli eru áætlaðar 178 m.kr. Inn í því er öll jarðvinnan, lagnir, deilikistur o.fl.. Heildarskipting á kostnaði á velli eru ca. 12 % jarðvinna, lagnir um 37%. tartanefni, gervigras og annað restin. Rekstrarkostnaður fyrir völlinn með hitalögnum -Skjalið hefur nýst vel til þess að fulltrúar stýrihópsins hafi getað metið muninn á milli tillagna. Ljóst er þó að það hefur ekki nýst til þess að komast niður á sameiginlega niðurstöðu á milli allra þriggja fulltrúa hópsins þar sem sjónarmiðin eru ólík. Rætt er um ólíkt vægi þátta og ólík sjónarhorn kjörinna

fulltrúa á verkefnið. Til þess að ná betur utan um þessa ólíku þætti sem fulltrúarnir meta mikilvægasta er ákveðið að er ekki inn í kostnaðaráætlun en hann er verulegur. Hitalagnir eru nánast alltaf settar undir velli núorðið því það eykur nýtingu vallanna og það eykur líka endingartíma gervigrass.

Ragnar er einnig að stilla upp mögulegri tímalínu fyrir verkið og kostnaðaráætlun í samræmi við það. Hann ætlar að skila okkur grunngreiningu á því hvernig hægt er að skipta útgjöldum á heildarverkinu yfir verktímabilið. Hann miðar við alútboð sem er þó kannski ekki líklegt að við notum. Í þeirri greiningu kemur fram hvernig hægt er að dreifa kostnaði yfir lengri tíma. Við það er síðan bætt aukakostnaði sem kemur á öll verk vegna t.d. verðbóta. Hann tekur hverja tillögu og stillir upp jarðvinnu, uppbyggingu og fl. og þá er auðveldara að sjá hvernig hægt er að stilla verkið af miðað við hvaða bolmagn sveitarfélagið hefur. Þessi greining ætti að geta komið á næstunni.

Matsskjal um staðsetningu - . Ljóst er þó að matsskjalið hefur ekki nýst til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu á milli allra þriggja fulltrúa hópsins þar sem sjónarmiðin eru ólík. Rætt er um ólíkt vægi þátta og ólík sjónarhorn kjörinna fulltrúa á verkefnið. Til þess að ná betur utan um þessa ólíku þætti sem fulltrúarnir meta mikilvægasta er ákveðið að Bartek og Magnús vinni með exelskjalið en Bartek leggur til að stýrihópurinn sammælist um vægi þáttanna eins og mögulegt er. Fulltrúar stýrihóps vilja breyta skjalinu eitthvað svo það nái betur utan um þá þætti sem hópurinn leggur áherslu á og ætla einstakir fulltrúar að senda Bartek tillögur sínar. Í framhaldinu mun stýrihópurinn hittast næsta fimmtudag og sammælast og ákveða vægi á þáttum. Bartek og Magnús munu hins vegar meta á hlutlausan hátt hvern þátt fyrir sig.

2. Er hægt að nálgast málið á annan hátt – Magnús gerði minnisblað í samráði við Sigurjón og lagði fyrir hópinn þar sem hann bendir á leiðir sem hægt er að fara til að gera framkvæmdir ódýrari. Til hliðsjónar og sem dæmi var m.a. bent á íþróttahús sem er í byggingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það er um 3600 m<sup>2</sup> og kostnaðaráætlun fyrir það hús er upp á tæpar 800 milljónir fullbúið. Það er komið tilboð í það verk sem er undir kostnaðaráætlun. Skeiða- og Gnúp býr reyndar að því að búa nálægt límtrésverksmiðjunni svo við gætum ekki fengið sambærilegt tilboð en mikilvægt að skoða hvort hægt er fara í ódýrari byggingu. Sigurjón leggur til að Magnús og Bartek fái að taka málið til sín og gera aðra kostnaðaráætlun út frá öðrum forsendum, m.a. þeim sem eru notaðar í Skeiða- og Gnúp. Þeir myndu t.d. afla upplýsinga um kostnað á vörum - skoða hvernig væri hagkvæmast að standa að útboði, hönnun og fyrirkomulagi framkvæmda en það er mikilvægt að vera með þetta allt í huga. Þeir lögðu þó áherslu á að

Það væri mikilvægt að reyna að komast að niðurstöðu um það hvar húsið eigi að vera áður en farið yrði á fullt í þá vinnu. Eins og fram er komið verður unnið að því á næsta fundi nefndarinnar.

3. Bréf hafa borist frá USÚ og Albert Eymundssyni þar sem þessir aðilar vilja leggja orði í belg í umræðuna um byggingu íþróttahúss. Stýrihópurinn fagnar þessum bréfum og hefur einmitt hvatt fólk til að leggja orð í belg.
4. Niðurstöður jarðvegskönnunar eru ekki komnar, enn bilun í búnaði.